

AUGLÝSING

um fólkvang í Urriðakotshrauni, Garðbæ

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ákveðið að tillögu Garðabæjar og landeiganda, Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang.

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í hrauninu sem er hluti Búrfellshrauns sem rann fyrir um 8100 árum. Hraunið er svokallað klumpahraun og er jaðar þess uppbelgdur og úfinn. Í hrauninu eru sveigðir hryggir á yfirborði og úfnir hraukar við jaðrana. Innan svæðisins liggur afmarkað skógræktarsvæði í umsjón Skógræktarfélags Reykjavíkur. Á svæðinu eru fjölbreyttar náttúru- og menningarminjar og er útivistar- og fræðslugildi þess því hátt. Tækifæri til náttúruskoðunar, útivistar og umhverfisfræðslu eru fjölbreytt þar sem aðgengi að svæðinu er gott og göngu- og reiðleiðir eru fjölbreyttar. Lyngvaxinn gamburmosi er einkennandi fyrir svæðið en hraunið er vaxið gamburmosa með smárunnum og gisnu birkikjarri. Hraunnibbur sem standa upp úr eru vaxnar fléttum og mosum. Birki- og víðikjarr setur víða svip sinn á svæðið.

Hið friðlýsta svæði er 1,05 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingar svæðisins sem fólkvangs er að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að vernda jarð- og hraunmyndanir sem og menningarminjar Urriðakotshrauns, sem eru fágætar á heimsvísu, sem og náttúrulegt gróðurfar svæðisins.

3. gr.

Mörk fólkvangsins

Mörk fólkvangsins eru sýnd á hnitsettu korti í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

4. gr.

Umsjón með fólkvanginum

Garðabær ber kostnað af stofnun og rekstri fólkvangsins sbr. 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með fólkvanginum sbr. 79. gr. sömu laga.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, mannvirkjagerð, starfsemi, landvörslu, vöktun, verndun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, þ. á m. aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við Garðabæ, eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 11. gr. Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Vernd jarðmyndana og gróðurfars

Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarð- og hraunmyndanir í fólkvanginum og óheimilt er að spilla gróðri nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarð- og hraunmyndunum á svæðinu eða hefur áhrif á verndargildi þeirra nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 11. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum sem geta haft óæskileg áhrif á vernd jarð- og hraunmyndana og annað gróðurfars innan fólkvangsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Unnið skal að því að fjarlægja ágengar framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það.

8. gr.

Umferð um fólkvanginn

Almenningi er heimil för um fólkvanginn en er skylt að ganga vel og snyrtilega um hann og fylgja þeim umgengnisreglum sem í honum gilda. Ávallt skal farið eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum þar sem þess er kostur.

Umferð ríðandi er aðeins heimil á skilgreindum reiðstígum.

Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á skilgreindum hjólastígum og vegum.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega er óheimill sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þó er umferð vélknúinna ökutækja tengd starfsemi golfvallar og golfiðkun heimil á golfvelli sbr. 9. gr.

Óheimilt er að slá golfbolta í hrauni og mosa.

Innan fólkvangsins er óheimilt að hafa næturgistingu í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbýlum og öðrum sambærilegum búnaði.

Öll meðferð elds, þ.m.t. ferðagrilla, er óheimil á svæðinu.

Hundar og önnur gæludýr skulu ávallt vera í taumi innan fólkvangsins og þess skal gætt að þeir séu undir tryggri stjórn og valdi ekki truflun.

Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan fólkvangsins nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar og Garðabæjar. Að öðru leyti skal farið eftir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Allur úrgangur skal settur í þar til gerð ílát og flokkaður eins og kostur er skv. reglum Garðabæjar þar um.

Nánar skal fjallað um umferð um svæðið í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

9. gr.

Starfsemi innan fólkvangsins

Innan fólkvangsins er heimilt að starfrækja golfvöll í samræmi við deiliskipulag. Um umferð um golfvöllinn gilda þær takmarkanir sem rekstur hans kveður á um.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar, Garðabæjar og landeiganda vegna stærri skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds. Um kvikmyndatökur og verkefni innan golfvallar sem varða starfsemi hans fer skv. reglum um rekstur golfvallarins.

Nánar skal fjallað um starfsemi á svæðinu og reglur þar um í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

10. gr.

Vernd menningarminja

Um menningarminjar og vernd þeirra fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Garðabæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins.

Skógræktarfélagi Reykjavíkur er heimil skógrækt, eins og verið hefur, í samráði við sveitarfélag, landeiganda og Umhverfisstofnun, innan afmarkaðs svæðis sbr. kort í fylgiskjali I. Garðabær skal sjá til þess skógræktin berist ekki út fyrir mörk afmarkaða svæðisins.

Losun jarðefna og úrgangs er óheimil í fólkvangnum.

Nánar skal fjallað um landnotkun, skógrækt Skógræktarfélags Reykjavíkur og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

Notkun skotvopna

Meðferð og notkun skotvopna er óheimil innan fólkvangsins. veiðar á ágengum framandi tegundum dýra eru heimilar í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum enda skulu þær stundaðar á vegum Garðabæjar og í samráði við Umhverfisstofnun.

Nánar skal fjallað um veiðar innan fólkvangsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Viðurlög

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

14. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins liggur fyrir er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Staður, dagsetning

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra